

## Náttúruverndarstofnun

Rangárþing eystra  
Þóra Björg Ragnarsdóttir  
Austurvegi 4  
860 Hvolsvelli

Garðabær, 17. febrúar 2025  
202501-0105/A.B.  
08.02

### Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Bólstaður - Rangárþing eystra

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa í Rangárþingi eystra er barst 21. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Bólstaði í Rangárþing eystra.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagstillagan tekur til 3,5 ha svæðis við Bólstað sem tilheyrir þjóðlendunni að Fljótshlíðarafrétt. Heimilt verður að viðhalda núverandi skála eða endurbyggja, hámarksstærð verður allt að 120 m<sup>2</sup>, 45 m<sup>2</sup> skálavarðarhúsi með geymslu auk þess að heimilt verður að byggja umhverfis rafstöð.

#### Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist Emstrur og Fjallabak og er númer 741 sem aðrar náttúruminjar. Svæðinu er lýst á eftir farandi hátt: *Stórbrotið og fjölbreytt landslag. Vinsælt útivistarsvæði. Æskilegt er að tengja svæðið Friðlandi að Fjallabaki.*

Að mati Náttúruverndarstofnunar er mikilvægt að ofangreint komi fram í tillögunni undir tengsl við aðrar áætlanir og að fram komi áhrif tillögunnar á ásýnd svæðisins og hvort að tillagan hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminja.

#### Friðaðar plöntur

Náttúruverndarstofnun bendir á auglýsingu nr. 1385/2021<sup>1</sup> um friðun æðplantna, mosa og fléttna en samkvæmt henni eru þær plöntur sem friðunin nær til friðaðar hvar sem þær finnast. Markmið friðunarinnar er að vernda og viðhalda fágætum æðplöntum, mosum og fléttum og náttúrulegu gróðurfari og varðveita líffræðilega fjölbreytni í náttúru landsins. Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að fjalla um það í greinargerð hvort friðaðar tegundir séu að finna innan skipulagssvæðisins.

<sup>1</sup> <https://ust.is/library/sida/Nattura/Pl%c3%b6ntufri%c3%b0un.pdf>

## Náttúruverndarstofnun

### Landslag

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að sett séu strangari skilyrði um litaval á byggingum á svæðinu til að lágmarka áhrif tillögunnar á ásýnd og landslag.

### Vindrafstöð

Umhverfisstofnun telur það jákvætt að huga sem að umhverfissvænum orkukostum í tillögunni, en stofnunin bendir á að vindrafstöð getur verið háar.

Að mati Umhverfisstofnunar þarf að setja skilyrði um hæð stöðvarinnar og meta umhverfisáhrif vindrafstöðvarinnar með tilliti til ásýndar og landslags.

### Bílastæði

Náttúruverndarstofnun telur æskilegt að fjallað sé nánar um fjölda bílastæða og áhrif þeirra á verndargildi svæðisins.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir

**sérfræðingur**